

## ÁLAGNING GJALDA 2022

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 14. desember 2021, voru samþykktar eftirfarandi forsendur til grundvallar álagningu útsvars-, fasteigna- og þjónustugjalda á árinu 2022:

- Útsvarsprósenta árið 2022 er 14,52%.
- Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2022:
  - 0,2514% af álagningarstofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (var 0,2407% árið 2020) (óbreytt á milli ára 2021 og 2022).
  - 1,32% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (óbreytt álagningarprósenta á milli ára) (óbreytt á milli árána 2021 og 2022).
  - 1,4000% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (óbreytt á milli árána 2021 og 2022).
- Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis er kr. 19.256 (óbreytt á milli árána 2021 og 2022) fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og fyrir flokkað sorp) og sorpeyðingargjald er kr. 16.422 (óbreytt á milli árána 2021 og 2022) miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp). Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.
- Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum<sup>1</sup> er 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða (verður óbreytt á milli árána 2021 og 2022) og 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða verður óbreytt á milli árána 2021 og 2022) og verði innheimt með fasteignagjöldum.
- Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra (m<sup>2</sup>) lóðar, tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu.
- Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2022 eru 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september, 15. október en eindagi gjaldanna er 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

<sup>1</sup> Bæjarstjórn Akraness samþykkti 16. desember 2003 að frá og með 1. janúar 2004 byggist innheimta nýrra og endurnýjaðra lóðarleigusamninga á fasteignamati lóðar en eldri samningar taki breytingum samkvæmt byggingarvísitölu ár hvert.



Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 25.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2022.

Veitt er ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2022, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

Lóðarleiga fyrir árið 2022 við álagningu fasteignagjalda vegna lóðarleigusamninga þar sem leigugjald er miðað við fermetra (m<sup>2</sup>) er eftirfarandi<sup>2</sup>:

- Íbúðarhúsnæði **13,71** kr. (vinnutala, vantar endanlega tölu fyrir árið 2022) á hvern m<sup>2</sup> lóðar.
- Atvinnuhúsnæði **49,30** kr. (vinnutala, vantar endanlega tölu fyrir árið 2022) á hvern m<sup>2</sup> lóðar.
- Hafnarsvæði **196,01** kr. (vinnutala, vantar endanlega tölu fyrir árið 2022 á hvern m<sup>2</sup> lóðar.

Vatns- og fráveitugjöld eru ákveðin og innheimt af Orkuveitu Reykjavíkur en ekki Akraneskaupstað. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag þeirrar innheimtu er að finna á vef Orkuveitunnar, [www.or.is](http://www.or.is).

Álagning fasteignagjalda er birt rafrænt á [www.island.is](http://www.island.is), en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli í Þjónustuveri Akraneskaupstaðar.


**Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.**

**Álagning á sorphirðu- og sorpeyðingargjaldi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.**

Gjaldskrár Akraneskaupstaðar hækka almennt um 3,5% þann 1. janúar 2022 nema annað sé sérstaklega samþykkt í viðkomandi gjaldskrá.

---

<sup>2</sup> Sjá athugasemd númer 1.



Málsnr. 2106179 – lagt fram á fundi bæjarráðs 4. nóv. /9. des. 2021  
– lagt fram á fundi bærarstjórnar 9. nóv. / 14. des. 2021

Akranesi, 14. desember 2021.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



The stamp is an oval shape with a blue border. Inside the oval, the text "BÆJARSTJÓRINN" is written in an arc at the top, and "AKRANES" is written in an arc at the bottom. In the center of the oval is the coat of arms of Akranes, which features a shield with a blue background, a white cross, and a white wave. A signature in blue ink, "Sævar Freyr Práinsson", is written across the middle of the stamp, overlapping the coat of arms.

Sævar Freyr Práinsson  
bærarstjóri

